

Æftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2100.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ásgrímur Halldórsson, greiði stefnanda, Norðurleið h/f, kr. 18.404.65 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 2100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1956.

Nr. 59/1956. Guðmundur og Sigurður Eyjólfsynir og Arnþrúður Guðjónsdóttir f. h. dánarbús Eyjólfss Guðmundssonar (Egill Sigurgeirsson) gegn

Kristjáni Bjarnasyni (Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hafa upp kveðið Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, dómari samkvæmt umboðsskrá, og samdómendurnir Zóphónías Pálsson skipulagsstjóri og Rögnvaldur Guðjónsson búfræðingur.

Með kæru 5. apríl 1956, sem hingað barst 23. s. m., hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar úrskurð aukadómpings Skaftafellssýslu, upp kveðinn 3. apríl 1956, og gert þær dómkröfur, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti in solidum.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber

að staðfesta hann. Kröfur um málskostnað verða eigi teknar til greina, en greiða ber úr ríkissjóði málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, og málflutningslaun talsmanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kröfur um málskostnað eru eigi til greina teknar, en málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, og málflutningslaun talsmanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður aukadómþings Skaftafellssýslu 3. apríl 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 16. f. m., er höfðað fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu af Kristjáni Bjarnasyni, bónda að Hvoli II í Dyrhólahreppi, gegn Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum, ábúendum Hvols I í sama hreppi, og Arnþrúði Guðjónsdóttur, sama stað, f. h. dánarbús Eyjólfss Guðmundssonar, eiganda Hvols I, með stefnu, út gefinni 6. maí 1955. Stefnandi hefur með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 19. apríl 1955, fengið gjafsókn í málinu, og stefndu hafa með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 16. júní 1955, fengið gjafvörn í málinu.

Kröfur stefnanda eru þær, að hrundið verði með dómi yfirlandskiptagerð milli jarðanna Hvols I og Hvols II frá 10. maí 1952 og að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara hefur hann krafizt þess, að landskiptunum verði riftað að nokkru leyti, þannig að bætt verði við landsúthlutun hans.

Stefndu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða þeim málskostnað að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Málavextir eru þeir, að í september 1951 fóru fram skipti á

landi Hvals í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, sem var óskipt sameign stefnanda og Eyjólfss heitins Guðmundssonar. Landskiptum þessum var skotið til yfirlandskiptamanna, sem framkvæmdu yfirlandskipti með yfirlandskiptagerð, dagsettri 10. maí 1952. Stefnandi, sem ekki vildi una yfirlandskiptunum, byggir riftunarkröfu sína á því, að skipti þessi séu, jafnvel þótt þau kynnu að vera lögleg að ytra formi, að efni til svo misheppnuð og í sumum atriðum jafnvel fráleit, að ekki verði við unað, þar eð þau halli stórlega á Hvol II í öllu tilliti. Ætla megi, að yfirlandskiptin hafi að nokkru verið byggð á röngum forsendum og án nægilega undirbyggðs grundvallar. Þessu til staðfestingar hefur stefnandi m. a. bent á álitssgerð tveggja dómkvaddra manna, sem hann telur sanna, að yfirlandskiptin séu ranglát og sér mjög óhagkvæm að efni til.

Frávísunarkröfu sína byggja stefndu á því, að niðurstaða löglega framkvæmdra yfirlandskipta sé bindandi fyrir alla aðilja. Þau halda því fram, að þar sem engar athugasemdir hafi komið fram um ytra form landskiptanna, kvaðningu skiptamanna, hæfileika þeirra eða neitt annað en að landskiptin séu röng að efni til, þá séu þau bindandi, og verði úrlausn yfirlandskiptamanna ekki haggð af dómstólum, enda sé hvergi gert ráð fyrir því í lögum, að yfirlandskiptum verði skotið undir úrlausn dómstóla eða hrundið með því móti. Halda þau því fram, að ef yfirlandskiptagerð, sem sé löglega til stofnað og löglega framkvæmd, halli verulega á einhvern aðilja að efni til, þá geti dómstólar einungis dæmt skaðabætur, en ekki ógilt sjálf yfirlandskiptin. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi í orði og með framkvæmdum sínum í samræmi við yfirlandskiptin samþykkt þau. Með vísan til þessa alls sé ljóst, að mál þetta heyri ekki undir dómstólana, og beri því að vísa því frá dómi.

Stefnandi krafðist þess, að frávísunarkröfu verði hrundið. Kröfu sína byggir hann í fyrsta lagi á því, að frávísunarkrafan sé of seint fram komin. Þá hefur hann og talið, að hún styðjist ekki við lagarök, heimilt sé að skjóta yfirlandskiptum til dómstólanna og fá úrlausn þeirra um þessi efni. Það væri sýknuástæða, en ekki frávísunar, ef ekki þætti í þessu máli grundvöllur til riftunar yfirlandskiptanna. Þá er á það bent af stefnanda, að yfirlandskiptin séu ekki tæmandi, í þeim séu eyður, sem fylla þurfi út í, og að yfirlandskiptamennirnir hafi ekki farið rétt að eða gætt réttra sjónarmiða við skiptin. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi í orði eða verki samþykkt yfirlandskiptin.

Mál þetta er þingfest 25. maí s.l. Fékk umboðsmaður stefndu

þá frest til 18. júní til samningar greinargerðar. Var málið þá tekið fyrir, en umboðsmaður stefndu óskaði eftir einnar viku framhaldsfresti í sama skyni, og var sá frestur veittur með samþykki umboðsmanns stefnanda. Í þinghaldi 25. júní lögðu stefndu fram greinargerð, og var frávísunarkrafan þar fram borin. Frávísunarkröfuna verður því að telja á réttum tíma fram komna, sbr. 1. mgr. 108. gr. sbr. 1. mgr. 106. gr. laga 85/1936.

Í aukadómþingi 9. júlí f. á. var máli þessu vísað frá dómi, en frávísunardóminum var skotið til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 26. september 1955, var héraðsdómur ómerktur og málinu vísað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Frávísun héraðsdóms var byggð á því, að rétt hefði verið að leita endurskipta samkvæmt 3. tölulið 1. gr. laga 46/1941, en í greindum dómi Hæstaréttar er þeirri niðurstöðu hrundið. Í forsendum sama hæstaréttardóms er því slegið föstu, að þeim, sem mishaldinn þykist vera við landskipti, sé rétt að leita úrlausnar dómstóla um það, hvort löglega hafi verið að þeim farið.

Fyrir þessum dómi liggur því einungis á þessu stigi að skera úr um, hvort skurðgröftur og aðrar framkvæmdir stefnanda á landi því, sem honum var úthlutað við yfirlandskiptin, firri hann rétti til að bera lögmæti skiptanna undir dómstóla.

Með bréfi, dagsettu 26. maí 1952, eða rúmlega 2 vikum eftir yfirlandskiptin lýsti stefnandi því yfir við stefndu, að hann áskildi sér rétt til að véfengja yfirlandskiptin með sérhverju löglegu móti, en mundi hins vegar haga búskap og búrekstri í samræmi við þau.

Stefnandi hafði haustið 1951 pantað skurðgröfu til vinnu hjá sér á árinu 1952. Hann hefur lýst því yfir, að hann hafi þá átt kost á að fá skurðgröfuna leigða til vinnu hjá sér, er hún var á ferð um hverfið, en kveðst hins vegar ekki hafa vitað, hve mörg ár kynnu að liða, þar til hann kynni aftur að eiga kost á skurðgröfu. Hafi honum því verið nauðsynlegt að taka skurðgröfuna, er hann átti hennar kost, þótt hann vildi ekki una yfirlandskiptunum. Samkvæmt dskj. 22, 25, 58 og 59 hefur stefnandi alls látið grafa skurði að lengd 8191 metra (39.773 m³). Af þessum skurðum eru um 1.5 km markaskurðir á milli jarðarhlutanna kostaðir í sameiningu af báðum málsaðiljum. Samkvæmt framangreindum dómskjöllum hafa auk þess verið gerðar eftirtaldar jarðabætur á árunum 1952—1955, að báðum árum meðtöldum:

	Suður-Hvoll	Norður-Hvoll
	Hvoll I	Hvoll II
Túnasléttur	1.980 m ²	3.500 m ²
Nýrækt	52.940 m ²	75.310 m ²
Girðingar	3.009 m	2.772 m
Matjurtagarðar	0	15.080 m ²

Þá hafa ábúendur Hvals I girt samtals 4.124 metra, sbr. dskj. 23, og er hér aðallega um girðingar að ræða, sem settar voru í mörkum þeim, er yfirlandskiptin ákváðu (eftir Heimrikvísl o. fl.).

Til athugunar á þessum framkvæmdum og aðstæðum öllum fór dómurinn á vettvang 29. október 1955. Við athugun dómenda á vettvangi kom eftirfarandi í ljós:

1. Skurðir þeir, sem grafnir hafa verið í mörkum þeim, sem yfirlandskiptin ákváðu milli jarðarhlutanna, eru að mestu leyti liðir í eðlilegu framræslukerfi landsins.

2. Stefnandi hefur auk markaskurðanna látið þurrka mestan sinn hluta (samkvæmt yfirlandskiptagerð) af svokallaðri heimamýri norðaustan við tún hans og látið grafa 4 framræsluskurði í sínum hluta (samkvæmt yfirlandskiptagerð) svokallaðra Miðeyja.

3. Stefndu hafa eigi látið grafa aðra skurði en markaskurði samkvæmt framangreindu, tvo skurði þvert yfir þeirra hluta heimamýri og markaskurði á landamerkjum jarðarhlutans (samkvæmt yfirlandskiptagerð) og annarra jarða.

4. Nýrækt stefnanda er mestmegnis í svokallaðri heimamýri, sem mestur hluti skurða hans er í.

Enda þótt ljóst sé, að allar þessar framkvæmdir torveldi endurskipti, þar sem hafa yrði hliðsjón af þeim við framkvæmd endurskipta, ef til þeirra kynni að koma, verður þó eigi talið, að nefndar framkvæmdir séu þess eðlis eða svo víðtækar, að þær skjóti loku fyrir ný landskipti, ef grundvöllur væri annars til riftunar yfirlandskiptanna. Þykir því bera að synja frávísunadkröfu stefndu.

Kröfur um málskostnað verða því eigi teknar til greina nú.

Því úrskurðast:

Framkomin frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.